

Alþingi
Erindi nr. P 126/970
komudagur 19.1.2001

HIÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAÐIFÉLAG (HÍN)

Hlemmi 3
105 REYKJAVÍK

18.01.2001.

Menntamálanefnd Alþingis
Nefnasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 REYKJAVÍK

Varðar:

Frumvarp til safnlaga, 224. mál, 126 löggjafarþing.

Fjallað er nú á Alþingi um *frumvarp til safnlaga*, en frestur til umsagnar fyrir 2. umræðu um það rennur út 19.01.2001. Meðal annars er í frumvarpi þessu fjallað um *náttúrugripasöfn / náttúruminjasöfn* og um stofnun *Náttúruminjasafns Íslands* sem höfuðsafns á sviði náttúrufræða.

Hinu íslenska náttúrufræðifélagi (HÍN) er málið skylt, því að núverandi Náttúrugripasafn í Reykjavík er tilkomið fyrir tilstilli félagsins, enda hefur það verið eitt höfuðmarkmið félagsins frá stofnun þess 16. júlí 1889, að komið yrði upp og rekið gott náttúrugripasafn – landssafn – í Reykjavík. Félagið stofnaði sjálft Náttúrugripasafnið í Reykjavík árið 1889 og rak það, lengst af með nokkrum ríkistyrk, til ársins 1947, þegar það afhenti ríkinu með samningi safnið og húsbýggingarsjóð safnsins, gegn því að ríkið hýsti og ræki safnið og veitti HÍN þar nauðsynlega aðstöðu fyrir rekstur sinn.

Ríkisstofnuninni Náttúrugripasafn Íslands var síðar breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands, en nokkrar breytingar hafa orðið á löghlutverki hennar í tímans rás, síðast með lögum nr. 60/1992 og 169/1998. Heimili HÍN hefur frá 1947 verið á þessari stofnun. Náttúrugripasafnið í Reykjavík er nú í umsjá Náttúrufræðistofnunar, en efling þessa safns er enn á stefnuskrá HÍN. Málefni safnsins eru því enn málefni HÍN.

Því vill Hið íslenska náttúrufræðifélag koma á framfæri við Menntamálanefnd Alþingis nokkrum athugasemdum við umrætt frumvarp, þó að félaginu hafi ekki verið sent það sérlega til umsagnar, sem raunar má kallast nokkuð furðulegt í ljósi sögu safnsins. Athugasemdir þessar eru eftirfarandi:

1. HÍN tekur undir það markmið frumvarpsins að efla svæðisbundin samsöfn fyrir menningarminjar og náttúruminjar. Jafnframt hvetur félagið til þess að framlög til slíkra safna verði stóraukin.
2. HÍN fagnar því, að stefnt skuli að miðlægu höfuðsafni - landssafni - um náttúrufræði Íslands með stofnun Náttúruminjasafns Íslands.
3. HÍN leggur áherslu á, að jafnhliða sýningarsöfnunum verði unnið öfluglega að uppbyggingu gagna- og upplýsingasafna þeirra um náttúrufræði landsins, sem unnið er að á setrum Náttúrufræðistofnunar Íslands, og að vissu marki en svæðisbundið á náttúrustofum landshlutanna.

4. HÍN leggur áherslu á, að þessi söfn, þekking og færni Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa landshlutanna verði nýtt sem best í þágu sýningarsafna þeirra – náttúruminjasafna - , sem frumvarpið miðar að.
5. HÍN bendir einnig á, að eigi Náttúruminjasafn Íslands **ekki** að vera sýningarsafn sem landssafn, þá er misráðið og leiðir til tvíverknaðar að skilja það frá Náttúrufræðistofnun Íslands og nauðsynlegu og lögboðnu gagnasafni þess með því að setja Náttúruminjasafn Íslands undir yfirstjórn menntamálaráðherra, en Náttúrufræðistofnunin er undir yfirstjórn umhverfisráðherra og mun væntanlega verða svo áfram í samræmi við hlutverk stofnunarinnar.
6. HÍN bendir í þessu tilviki á nauðsyn þess, að komið verði upp góðu og fullkomnu **landssafni** - sýningarsafni - , hvort sem það verður alfarið eða að einhverju leyti í umsjón stjórnvalda, höfuðborgar landsins eða annarra aðila. Hér liggur þjóðarsómi við.
7. HÍN vekur athygli á, að náttúruminjasöfn lúta að fleiru en "...að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar..." (1. gr. frumvarpsins), svo mjög sem náttúran kemur við þá sögu. Þau lúta ekki síður að náttúru landsins sjálfri og milljóna ára sögu hennar. Þessu viðfangsefni þyrfti að bæta við í 1. gr. frumvarpsins, t.d. með því að skeyta aftan við texta hennar orðunum "...og náttúru landsins." Tilgangur laganna hlýtur einig að vera "að kynna" en ekki bara að varðveita umrædda menningarsögu og náttúru landsins.
8. HÍN vekur athygli á, að skörun í verkefnum getur falist í hljóðan orða 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins, þar sem segir, að Náttúruminjasafn Íslands skuli "...annast heimildaöflun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru..." en einmitt þetta er hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands skv. lögum nr. 60/1992, 4. gr. og 6. gr., og kjarninn í hlutverki hennar sem miðlæg rannsóknarstofnun og gagnabanki í náttúrufræðisáttum á Íslandi. Því gæti þurft að skilyrða umrædda starfsemi Náttúruminjasafns Íslands, t.d. með því að skeyta aftan við texta téðrar málsgreinar orðunum "... í samræmi við hlutverk sitt."

Að lokum minnir HÍN á þá staðreynd, að lagarammi einn megnar ekki að bæta úr vandræðaástandi því, sem á margan hátt ríkir í málefnum náttúruminjasafna á Íslandi og 111 ára þrautaganga Náttúrugripasafnsins í Reykjavík er besta vitnið um en undirstrikað er af nýlegum örlögum ágæts safns á Akureyri, sem einnig hafði getið sér gott orð, en hefur nú verið smalað ofan í kassa. Hér verða vilji og framlög stjórnvalda líka að koma til, svo að reka megi af Íslendingum slyðruorðið í málefnum náttúrusafna. Náttúra Íslands er höfuðorsök þess að erlendir ferðamenn sækja landið heim og því ótrúleg skammsýni að gera ekki sem best til náttúruminjasafna á landinu.

Virðingarfyllt

f.h. Hins íslenska náttúrufræðifélags

Freysteinn Sigurðsson, formaður HÍN.